

12. gr.

Inn á gíróreikninga staðgreiðslu er óheimilt að færa fjármuni sem ekki eru staðgreiðslu viðkomandi.

13. gr.

Reglugerð þessi sem sett er skv. heimild í 20. og 21. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum, gildir frá 1. maí 1990.

Reglugerð nr. 614/1987, um skil á staðgreiðslu fellur úr gildi frá og með tímamörkum þeim sem tilgreind eru í 1. mgr. ákvæðis þessa.

Fjármálaráðuneytið, 3. maí 1990.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Snorri Olsen.

REGLUGERÐ**um breyting á reglugerð nr. 177/1990 um jöfnunartoll á innfluttar kökur.**

1. gr.

1. gr. orðist svo:

Greiða skal í ríkissjóð við tollafgreiðslu jöfnunartoll af kökum, sem flokkast í tnr. 1905.9040 í viðauka I við tollalög nr. 55/1987, með áorðnum breytingum. Jöfnunartollur skal vera 66,99 kr. fyrir hvert kílógramm.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 118. gr. tollalaga nr. 55/1987 til að öðlast gildi þegar í stað og skal hún gilda til 31. október 1990.

Fjármálaráðuneytið, 7. maí 1990.

F. h. r.

Magnús Pétursson.

Rúna S. Geirsdóttir.